



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 19. júní 2014

Ákvörðun nr. 15/2014

Kaup HB Granda hf. á öllu hlutafé í Norðanfiski ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 23. maí 2014 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning sem lýsir kaupum HB Granda hf. (HB Grandi) á 76,19% hlutafjár í Norðanfiski ehf. (Norðanfiskur). Fyrir kaupin átti HB Grandi 23,81% í Norðanfiski. HB Grandi er sjávarútvegsfyrirtæki og helsta starfsemi þess er veiðar og vinnsla á bolfiski og uppsjávarfiski. Fyrirtækið selur megið af framleiðslu sinni á erlendan markað. Norðanfiskur framleiðir fiskafurðir fyrir neytenda- og stóreldhúsamarkað innanlands og utan. Kaupsamningurinn var gerður með fyrirvara um að kaup hins selda hljóti staðfestingu Samkeppniseftirlitsins til samræmis við 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Í ársreikningi fyrir árið 2013 kemur fram að HB Grandi geri út 10 fiskiskip og vinni fiskafurðir á sjó, í Reykjavík, á Akranesi og Vopnafirði. Tekið er fram að félagið reki eigin markaðsdeild sem selji afurðir, nánast allar í eigin umbúðum og undir eigin vörumerki, til um 40 landa. Í yfirliti Fiskistofu hefur HB Grandi mestar úthlutaðar aflaheimildir íslenskra útgerðafélaga á Íslandi á fiskveiðiárinu 2013/2014. Á heimasíðu HB Granda kemur fram



að félagið stundi veiðar og vinnslu á bolfiski og uppsjávarfiski og hjá félaginu starfi rúmlega 900 starfsmenn til sjós og lands. Tíu stærstu hluthafar í HB Granda samkvæmt samrunatilkynningu eru tilgreindir í töflu 1.

Tafla 1. Tíu stærstu hluthafar í HB Granda þann 31.12.2013

Nafn hluthafa	Eignarhlutur %
Vogun hf.	37,7
Arion banki	31,1
Hampiðjan hf.	8,8
Eignarhaldsfélagið VGJ ehf.	5,5
TM fé ehf.	5,1
Fiskveiðahlutafélagið Venus hf.	3,2
Ingimundur Ingimundarson	2,6
Lífeyrissjóður Verslunarmanna	2,2
LF2013 ehf.	0,9
Landsbréf – Úrvalsbréf	0,7
Aðrir hluthafar	2,2

Um félög sem HB Grandi hefur bein eða óbein yferráð yfir segir í samrunatilkynningu:

„Stofnfiskur ehf., kt. 620391-1079. Stofnfiskur ehf. er framleiðandi á laxahrognum og er hluti af starfsemi (svo) einnig kynbætur fyrir fiskeldi. HB Grandi hf. á 64,53% hlut í félaginu. Faxaeldi ehf., kt. 480503-3090. Engin starfsemi er í þessu félagi. IceCod á Íslandi ehf., kt. 630603-4390. IceCod á Íslandi ehf. starfar við kynbætur á þorski og framleiðslu þorskseiða. Félagið rekur fiskeldisstöð og er það hluti af tilraunaverkefni um að gera þorskeldi á Íslandi arðbært. Samanlagður eignarhlutur HB Granda hf. og Stofnfisks ehf. í félaginu nemur 52,14%, HB Grandi er eigandi 21,79% og Stofnfiskur ehf. eigandi 30,35%. Norðanfiskur ehf. fer ekki með bein eða óbein yferráð í öðrum félögum.“

Önnur dótturfélög HB Granda eru Vignir G. Jónsson hf. sem var keypt á árinu 2013 sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2013 *Kaup HB Granda hf. á öllu hlutafé í Vigni G Jónssyni hf.* Í árskýrslu HB Granda árið 2013 segir að Vignir G. Jónsson sérhæfi sig í fullvinnslu á hrognum og sé stærsti einstaki kaupandi þorskhogna á landinu. Eins keypti HB Grandi Laugafisk ehf. á árinu 2013 sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 29/2013 *Kaup HB Granda á öllu hlutafé í Laugafiski ehf.* en starfsemi Laugafisks felst í því að þurrka og verka hausa og hryggi til útflutnings. Félagið Laugafiskur hefur verið afskráð og sú starfsemi sem þar fór fram nú rekin undir kennitölu HB Granda. Engin umfjöllun var um framangreinda samruna HB Granda í samrunatilkynningunni og var úr því bætt og ný send Samkeppniseftirlitinu þann 5. júní sl.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að Norðanfiskur fari ekki með bein eða óbein yferráð í öðrum félögum.



Um markaði málsins segir í samrunatilkynningunni að um sé að ræða markað með innflutning á fiski, markað fyrir kaup á afurðum til umpökkunar og seldar áfram og markaður fyrir framleiðslu á sjávarafurðum. Um framangreinda markaði segir í samrunatilkynningunni að Norðanfiskur flytji m.a. inn fisk og sé þar einkum um að ræða rækju. Félagið sé með mjög litla markaðshlutdeild á viðkomandi markaði eða um 10% að mati samrunaaðila. Aðrir aðilar á þessum markaði séu t.d. Garri, Ekran, Innnes, Sælkerinn, Sælkeradreifing, Lagsmaður og Merló og sé markaðshlutdeild þeirra samanlagt um 70%.

Fram kemur að Norðanfiskur starfi einkum við pökkun á sjávarafurðum í stóreldhús og neytendapakningar. Ekki liggi fyrir upplýsingar um markaðshlutdeild á þeim markaði en það sé mat samrunaaðila að markaðshlutdeild Norðanfisks sé um 15%. Aðrir aðilar á þessum markaði séu m.a. FS-dreifing, Ópal sjávarfang, Hnýfill, Grímur kokkur, Eðalfiskur, Nesfiskur, Lagsmaður, Sjávarfiskur, Fiskbúðin okkar, Ektafiskur, Hrafnreyður, Fiskbúð Suðurlands, Matvæladreifing, Merló, Blámar og sé markaðshlutdeild þeirra samanlagt um 70%.

Framleiðsla Norðanfisks á sjávarafurðum er einkum falin í brauðun á fiski, framleiðslu á fiskiréttum, paté/terrinum og vinnslu og pökkun á laxi og silungi. Tekið er fram að á þessum markaði starfi þó nokkrir aðilar. Ekki liggi fyrir upplýsingar um markaðshlutdeild en það sé mat samrunaaðila að hlutdeild Norðanfisks sé um 10%.

Tekið er fram að Norðanfiskur selji vörur sínar út um allt land og að litlu leyti erlendis og því sé það mat samrunaaðila að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland.

Um samkeppnisleg áhrif samrunans segir að Norðanfiskur sé framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í áframvinnslu sjávarafurða í stóreldhús- og neytendapakningar. Félagið sé ekki markaðsráðandi á neinum þeim mörkuðum sem það starfi á og sé með markaðshlutdeild á bilinu 10%-15% á viðkomandi mörkuðum málsins. HB Grandi starfi ekki á sömu mörkuðum og Norðanfiskur og að engin skörun sé á þeim mörkuðum sem félögin starfi á. Norðanfiskur hafi þó keypt eitthvað af afurðum frá HB Granda.

Aðgangshindranir séu litlar á viðkomandi mörkuðum málsins sem Norðanfiskur starfi á og ekki sjáanlegar lagalegar eða tæknilegar hindranir að þeim mörkuðum að mati samrunaaðila. Tekið er fram að HB Grandi flytji nær allar sínar vörur úr landi og að ekki sé skörun á þeim mörkuðum sem Norðanfiskur starfi á. Áhrif samrunans sé því mjög takmörkuð á íslenskum markaði.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem



máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Að mati samrunaaðila stundar HB Grandi veiðar og vinnslu á bolfiski og uppsjávarfiski og selur megnið af framleiðslu sinni á erlendan markað. Helstu markaðir eru Evrópa, Norður-Ameríka og Asía. HB Grandi starfar ekki á markaði fyrir sölu fiskafurða á neytenda- eða stóreldhúsamarkaði en það gerir Norðanfiskur hins vegar.

Samkeppniseftirlitið er ekki að öllu leyti sammála samrunaaðilum um skilgreiningu á mörkuðum málsins sem varðar einkum sölu á fiskafurðum á neytenda- og stóreldhúsamarkaði innanlands sem utan. Auk þess varðar samruninn sölu á hráefni til vinnslu viðkomandi afurða en HB Grandi hefur m.a. selt Norðanfiski hráefni til vinnslu. Þá telur Samkeppniseftirlitið að landfræðilegir markaðir málsins sé Ísland.

Eins og að framan greinir starfar HB Grandi ekki á þeim mörkuðum sem Norðanfiskur starfar á nema að litlu leyti. Helst er þar að gæta skörun á markaði fyrir útflutning fiskafurða en starfsemi Norðanfisks er óveruleg á því sviði.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að fyrirhugaður samruni leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV. Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna kaupa HB Granda hf. á öllu hlutafé í Norðanfiski ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson